



NEYTENDASTOFA

Ákvörðun nr. 32/2022

Ákvörðun um sektir vegna ófullnægjandi verðmerkinga Kualua ehf.

I.

Málsmeðferð

Þann 1. september 2022 framkvæmdu starfsmenn Neytendastofu athugun á ástandi verðmerkinga í mathöllum á höfuðborgarsvæðinu, þ. á m. hjá Kualua ehf. í Hafnartorgi. Voru verðmerkingar athugaðar með tilliti til ákvæða 17. gr. laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu, sem kveður á um það að fyrirtækjum sem selja vörur eða þjónustu beri að verðmerkja vöru sína og þjónustu og sýna það á áberandi hátt á sölustaðnum, sem og ákvæða reglna nr. 537/2011, um verðmerkingar og einingarverð við sölu á vörum. Samkvæmt reglunum ber fyrirtækjum að verðmerkja vöru með réttu söluverði þar sem hún er höfð til sýnis neytendum auk þess sem tilgreina skal magnstærðir drykkja. Skoðun starfsmanns Neytendastofu leiddi í ljós að ástand verðmerkinga var ábótavant, þar sem vantaði upplýsingar um verð og magnstærðir drykkja.

Fylltu starfsmenn stofnunarinnar út athugunarblað við framkvæmd athugunarinnar og kvittuðu starfsmenn félagsins undir blaðið til staðfestingar á athugasemdum stofnunarinnar og mætingu þeirra. Við lok athugunarinnar skildi starfsmaður stofnunarinnar eftir bréf í versluninni þar sem tiltekið var að skoðunin hefði farið fram og að Neytendastofa myndi senda félaginu bréf þar sem gerð yrði nánari grein fyrir ástandi verðmerkinga. Var auk þess vísað til viðeigandi lagaákvæða.

Með bréfi Neytendastofu til Kualua, dags. 8. september 2022, greindi stofnunin félaginu frá niðurstöðum skoðunarinnar og gerði grein fyrir þeim ákvæðum sem í gildi eru um verðmerkingar. Þá var þeim eindregnu tilmælum beint til Kualua að koma verðmerkingum í viðunandi horf með hliðsjón af ákvæðum laga nr. 57/2005 og reglna nr. 536/2011. Í bréfinu kom fram að könnun stofnunarinnar yrði fylgt eftir með nýrri könnun og mætti félagið búast við því að tekin yrði ákvörðun um sektir, samkvæmt IX. kafla laga nr. 57/2005, yrði ekki farið að tilmælum stofnunarinnar.

Seinni athugun stofnunarinnar var framkvæmd þann 13. október 2022. Leiddi sú athugun í ljós að þó fram kæmi verð drykkja vantaði enn upplýsingar um magnstærðir drykkja. Voru gerðar



athugasemdir í samræmi við það og kvittuðu starfsmenn félagsins undir athugunarblað því til staðfestingar.

Með bréfi Neytendastofu til Kualua, dags. 27. október 2022, var félaginu gefinn tveggja vikna frestur til að koma að skýringum og/eða athugasemdum í málinu áður en tekin yrði ákvörðun um sektir á grundvelli IX. kafla laga nr. 57/2005. Ekkert svar barst stofnuninni.

II. Niðurstaða

Í máli þessu hefur Kualua ehf. ekki sinnt tilmælum Neytendastofu um að koma verðmerkingum í veitingastað sínum í Hafnartorgi í viðunandi horf innan tilskilins frests.

Ákvæði 17. gr. laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu, er svohljóðandi:

„Fyrirtæki, sem selur vörur eða þjónustu til neytenda, skal merkja vöru sína og þjónustu með verði eða sýna það á svo áberandi hátt á sölustaðnum að auðvelt sé fyrir neytendur að sjá það. Neytendastofa getur sett nánari ákvæði um verðmerkingar með opinberri tilkynningu.“

Samkvæmt ákvæðinu ber söluaðilum ávallt að gefa upp verð á vörum og þjónustu. Á grundvelli heimildar ákvæðisins, sem og ákvæðis 18. gr. sömu laga, sem snýr að heimild Neytendastofu til að gefa fyrirtækjum sérstök fyrirmæli um að gera ráðstafanir til að auðvelda viðskiptavinum að meta verð og gæði, hefur Neytendastofa sett reglur nr. 537/2011, um verðupplýsingar við sölu á þjónustu.

Um verðmerkingar á drykkjum veitingahúsa segir í 2. málsl. 5. mgr. 4. gr. reglnanna:

„Í verðupplýsingum um drykkjarföng skal jafnframt tilgreina magnstærðir“

Samkvæmt ákvæðunum ber Kualua ávallt að tilgreina magnstærðir drykkja. Í máli þessu voru niðurstöður síðari athugunar þær að enn skorti upplýsingar um magnstærðir drykkja hjá félaginu þrátt fyrir athugasemdir stofnunarinnar. Strax eftir móttöku bréfs stofnunarinnar, dags. 8. september 2022, hefði félaginu mátt vera ljós sú skylda sem hvílir á fyrirtækjum í samræmi við kröfur laga nr. 57/2005 og reglna 537/2011. Enda var í umræddu bréfi að finna hvatningu til að koma verðupplýsingum í viðunandi horf. Þrátt fyrir það var voru umbætur ekki gerðar innan tilskilins frests og telur Neytendastofa því nauðsynlegt að beita þeim úrræðum sem stofnunin hefur á grundvelli IX. kafla laga nr. 57/2005.

Ákvæði 1. mgr. 22. gr. laga nr. 57/2005 segir:



„Neytendastofa getur lagt stjórnvaldssektir á fyrirtæki sem brjóta gegn:

[...]

b. stjórnvaldsreglum og ákvörðun Neytendastofu gegn viðskiptaháttum sem brjóta í bága við ákvæði II.-VIII. kafla [...]

c. reglum og fyrirmælum Neytendastofu um ráðstafanir til að auðvelda viðskiptavinum að meta verð og gæði, sbr. 18. gr.“

Með vísan til alls framangreinds, sem og að teknu tilliti til meðalhófsreglu stjórnslulaga og jafnræðisreglu stjórnslulaga, og með hliðsjón af sektarákvörðunum stofnunarinnar í sambærilegum málum, þykir Neytendastofu hæfilegt að leggja á Kualua stjórnvaldssekt að fjárhæð 50.000 kr. (fimmtíu þúsund krónur). Sektina skal greiða í ríkissjóð eigi síðar en þremur mánuðum frá dagsetningu ákvörðunar þessarar.

III.

Ákvörðunarorð:

„Kualua ehf., Grandahvarfi 2B, 203 Kópavogi, hefur brotið gegn ákvæði 17. gr. laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu, sem og ákvæði 2. másl. 5. mgr. 4. gr. reglna nr. 537/2011, um verðupplýsingar við sölu á þjónustu, með ófullnægjandi verðupplýsingum hjá veitingastaðnum Kualua í Hafnartorgi.

Með heimild í b. og c. lið 1. mgr. 22. gr. laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu, leggur Neytendastofa stjórnvaldssekt á Kualua ehf. að fjárhæð kr. 50.000 (fimmtíu þúsund krónur). Sektina skal greiða í ríkissjóð eigi síðar en þremur mánuðum frá dagsetningu ákvörðunar þessarar.“

Neytendastofa, 19. desember 2022

Þórunn Anna Árnadóttir
forstjóri

Matthildur Sveinsdóttir